



ÞJÓÐARLEIKVANGUR Í FRJÁLSÍÞRÓTTUM

Skýrsla mannvirkjanefndar FRÍ - Laugardalsvöllur





Ástand og valkostir

Hér á eftir verður gerð grein fyrir núverandi frjálsíþróttaaðstöðu á Laugardalsvelli, ástandi einstakra vallarhluta og lýsingu á endurbótum ásamt kostnaðarmati þeirra.

Gert er grein fyrir valkostum fyrir alþjóðlega frjálsíþróttaaðstöðu í Laugardal – Þjóðarleikvang.

Laugardalsvöllur

Núverandi ástand og lagfæringar

- Árið 1992 var núverandi frjálsíþróttastaða Laugardalsvallar opnuð. Árið 2011 var aðstaðan yfirfarin, vallaryfirborð var hreinsað, laust gúmmí var límt niður, atrennubrautir voru lagaðar, kúluvarpsgeirar voru endurgerðir, stökkgryfjur voru lagfærðar og hluti rennuloka uppfærður.
- Síðan þá hefur töluvert álag verið á vellinum, bæði vegna notkunar frjálsíþróttafólks og ekki síður vegna ýmissa knattspyrnu- og tónleikaviðburða á svæðinu síðan þá.
- Frjálsíþróttastaða Laugardalsvöllur er ekki í keppnishæfu ásigkomulagi, þó að keppt hafi verið á vellinum síðustu ár.
- ***Mótin eru haldin með undanþágum.***
- Hér á eftir verður grein nánar frá ástandi vallarhluta og tillögum að endurbótum.



Keppnisbraut og svæði með gerviefni í D-bogum

Ástand

- Líkt og kom fram þá er frjálssípróttavöllurinn ekki keppnishæfur í núverandi ástandi. Víða sér á yfirborði sem er rífið á nokkrum stöðum, væntanlega vegna snúnings bíldekkja í tengslum við ýmsa viðburði á vellinum. Á hlutasvæðum eru verulegar dældir í yfirborði, sem m.a. safna regnvatni.
- Merkingar á vellinum eru daufar og búið er að breyta merkingu skiptisvæða með yfirmálningu auk þess sem merkingar hafa verið lagfærðar hér og þar á fleiri stöðum.
- Innri kantur, sarg, er sameiginlegt rennukerfi þ.a. kanturinn er sú hlið rennuloksins sem snýr að hlaupabrautinni. Rennulokið er úr harðplasti og hefur víða látið á sjá.

Endurbætur

- Árið 2011, nítján árum eftir opnun frjálssípróttavallarins í Laugardal, fóru fram endurbætur á frjálssípróttastöðunni. Eins og komið fram fólust þáverandi viðgerðir á staðbundnum lagfæringum á yfirborði með gerviefnayfirborði m.a. Til að koma í veg fyrir slyshættu.
- Núna, árið 2019, eru sýnilegar víða hvilftir á yfirborði sem þarf að laga, auk þess sem hlaupabrautayfirborðið sjálft er margbætt og ónýtt auk þess sem merkingar vallaryfirborðs eru úr sér gengnar. Því er ljóst að endurnýja þarf vallaryfirborð frjálssípróttasvæðis, fjarlægja gúmmíyfirborð og farga því. Slétta með flotun núverandi malbiksyfirborð undir hlaupabrautarefni þar sem hvilftir hafa komið fram. Leggja nýtt gúmmíefni á vallaryfirborð og merkja yfirborð með nýjum merkingum.



Önnur keppnissvæði og búnaður á vellinum

- Stökkgryfjur eru ólöglegar skv. fyrirleggjandi stöðlum Alþjóðafriðsambandsins. Þær þarf að endurnýja svo þær uppfylli kröfur til mótahalds.
- Lendingarsvæði stangastökks þarf að endurnýja svo öryggi stökkvara sé tryggt. Nýlega hafa orðið slys í lendingu vegna skorts á rými og frágangi við landingarsvæði.
- Koma þarf upp kastbúri fyrir sleggju- og kringlukast á leikvellnum til að uppfylla fyrirleggjandi kröfur til keppnisvalla.

- Lagfæra þarf núverandi kasthringi sem eru farnir að láta á sjá. Hreinsa þarf steypuyfirborð platta, yfirfara gjarðir og endurleggja yfirborðsefni á steipt yfirborð.
- Á stökkbrautum þarf að endurnýja núverandi stökkplanka.

Hjá FRÍ er áhugi á alþjóðlegu mótahaldi í framtíðinni og er þar einkum haft í huga Norðurlandamót og Mastersmót eldri iðkenda. Síðustu mót sem haldin voru á Laugardalsvelli voru haldin með undanþágu og nú er fyrirséð að ekki fáist leyfi í framtíðinni til mótahalds á vellinum án undangenginna verulegra endurbóta á aðstöðu.



Kostnaðarmat endurbóta

Frjálsíþróttasvæði [5200m ²] Verkþáttur	Kostnaður [Mkr.]
Undirbúningur og aðstöðusköpun	1,5
Ríf og förgun á gerviefni	3,9
Sléttun á malbiksyfirborði	1,6
Gerviefni (sandwich (13+3)mm)	52,0
Línúmerkingar	3,6
Sleggja/kringla - Kastbúr og undirstöður, kasthringur	6,5
Aðrir kasthringir (2 stk)	0,5
Stökkgrýfjur - endurbætur	2,0
Stangarstökk/koppar og lendingarsvæði - endurnýjun	2,0
Sargur - lok (250 stk)	1,1
Stökkplankar(6 stk)	0,3
Prófanir og mælingar	2,0
Alls	77,0
Ófyrirséð 7%	5,4
Samtals m.VSK	82,4

Skýringar:

Tekinn hefur verið saman áætlaður heildarkostnaður við lágmarks endurbætur frjálsíþróttasvæðisins á Laugardalsvelli í samræmi við lýsingu hér fyrr í samantektinni þar sem einstakir verkþættir eru tilgreindir.



Um framtíð þjóðarleikvangs á Laugardalsvelli



Valkostur „Endurbætur“

Völlurinn verði á núverandi stað í Laugardal til framtíðar.

- Farið strax í lágmarksframkvæmdir fyrir 82,4 milljón króna til að ná keppnisleyfi.
- Jafnframt gerðar kröfur til keppnissvæðisins, þannig að einnig komi skjáir við flestar keppnisgreinar, tengt mótaforriti.

Nýr völlur á öðrum stað í Laugardal



Valkostur – „Nýr“

Völlur færirst á annan stað í Laugardal

- Gera þarf húsrýmisáætlun (þarfagreiningu) m.t.t. krafna til æfinga og til mótahalds – það er hvoru tveggja til smærri móta og alþjóðlegra móta, þá er horft sérstaklega til NM, Mastermóta eldri íðkenda, Smáþjóðaleika og Evrópubikarkeppni landsliða.
- Völlurinn þarf alltaf að vera 8 brauta völlur, með öllum keppnisgreinum innan vallar.
- Mikilvægt er að völlurinn verði hæfur til alþjóðlegs keppnishalds í samræmi við kröfur EAA og IAAF.

Mannvirkjanefnd FRÍ – Júní 2019



Á myndinni eru fulltrúar
mannvirkjanefndar FRÍ,
verkfræðingarnir Vilhjálmur Árni
Ásgeirsson, Sigurður Haraldsson og
Auður Ólafsdóttir.

Ásamt Frey Ólafssyni formanni og
Guðmundi Karlssyni framkvæmda-
og afreksstjóra FRÍ.

